

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 1446
komudagur 20/4 1993

S.Á./S.Í.T./20. apríl 1993

Áhrif frumvarps til skaðabótalaga á tjónskostnað/iðgjöld félaga

- Afar erfitt er að segja til um bein áhrif frumvarpsins á heildartjónskostnað, verði frumvarpið að lögum. Veldur þar mestu, að nú verður að mestu miðað við fjárhagslegt örorkumat í stað læknisfræðilegs. Þá munu bætur barna, unglinga, nema og heimavinnandi maka hækka stórlega auk bóta til ekkla og ekkna. Þá ber þess að geta að þótt hinn slasaði ætti ekki rétt samkvæmt fjárhagslegu mati vegna varanlegrar örorku gæti hann átt rétt til umtalsverðra bóta fyrir þjáningar og varanlegan miska. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, ýmsan tilfallandi kostnað, s.s. læknis- og sjúkrakostnað o.fl., verða greiddar áfram með hefðbundnum hætti. Þá mun kostnaður vegna þjónustu sérfræðinga við uppgjör máls, t.d. lögmanna og lækna, og einnig vegna örorkunefndar, sjálfsagt lenda á váttryggingarfélögunum.
- Þrátt fyrir örðugleika að meta þessi áhrif hefur slíkt verið freistað af hálfu S.Í.T. hálfu. Dr. Benedikt Jóhannesson skoðaði þetta atriði m.v. eldri gerð frumvarpsins (en þá var við það miðað, að varanleg örorka yrði ekki bætt væri hún metin undir 15%). Samkvæmt þessari könnun dr. Benedikts, sem hann sjálfur gerir ótal fyrirvara við, enda málið illvinnanlegt, mátti ætla að heildarbótagreiðslur gætu lækkað um tæp 15%. Frá því að þessi athugun var gerð, hefur af S.Í.T. hálfu ekki verið frekar unnið að beinni úttekt um hugsanleg fjárhagsleg áhrif frumvarpsins.
- Eru fjárhagslegu áhrifin af hálfu váttryggingarfélaganna fyrst og fremst metin svo, að tilfærsla verði á tjónsbótum á þann veg, að þeir sem hlotið hafa alvarlegri áverka fái hærri bætur, en aðrir minni, og stundum einungis miskabætur auk bóta fyrir tímabundið tjón. Þá eru einhver veigamestu áhrif frumvarpsins þau, að öll lagaframkvæmdin verður skilvirkari og ódýrari, Einnig eru löggin til þess fallin að fækka stórlega "tilefnislausum" skaðabótakröfum, sem skv. gildandi rétti hefur verið erfitt að verjast, sbr. hálshnykksfaraldurinn.
- Um flokkun líkamstjóna m.v. örorkustig og fjárhæðir sjá meðf. blað.


Sigmar Arnmannsson

I. Ísland

Uppgjör líkamstjóna. Hlutfallsleg skipting
m.v. örorkustig og fjárhæðir skv. hefðbundnum aðferðum

Örorka	Fjöldi í %	Skaðabætur í %	Miskabætur í %
1 - 5 stig	14	5	5
6 - 10 "	37	28	25
11 - 15 "	25	25	25
16 stig og yfir	24	42	45
	<hr/> 100%	<hr/> 100%	<hr/> 100%

II. Þannvörk

Samkvæmt inngangnum upplýsingum, sem S.I.T. hefur búið til dökku- um rýðttisamböllum sínum í gefnu tilefni, þá hefur u.þ.b. 15% af öllum skvæðum með stuðaböllum vegna varulegrar ör- orken, en 85% hefur linnandi með miðaböllum.